

geymslum og óupphituðu rými í íbúðarhúsum. Á gjöld þessi leggst söluskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

7. gr. hljóði þannig:

Heimæðagjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:
Hús allt að 400 m³ kr. 5 854,00.

Hús 400—2000 m³ kr. 5 854,00 fyrir 400 m³ og kr. 5,05 á hvern rúmmetra þar yfir.

Hús stærri en 2000 m³ kr. 13 639,00 fyrir 2000 m³ og kr. 4,05 á hvern rúmmetra þar yfir.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslisheimil umfram einn á sama inntaiki er kr. 774,00.

11. gr. hljóði þannig:

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennslis heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis heita vatnsins og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, auk kr. 58,00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 450/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella nr. 460
1. nóvember 1979.

4. gr. orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald.

- a. Samkvæmt magnhemli kr. 229,50 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
- b. Samkvæmt vatnsmæli kr. 7,97 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Á gjöld þessi leggjast skattar samkvæmt reglum á hverjum tíma.

Þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Í 7. gr. breytast eftirtaldar stærðir:

a liður:

Fa verður 9 485,00.

Ba verður 9,86/m³.

b liður:

Fb verður 11 880,00.

Bb verður 13,90/m³.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1981 sbr. auglýsingu nr. 450/1981 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

7. september 1981.

Nr. 526.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hafnarhrepps nr. 651 12. desember 1980.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 0,19 fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 2,41 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu. Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 12,41.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan orkunotkun og vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir afnot heita vatnsins og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

a) fyrir mæla til og með $\frac{3}{4}$ "	kr. 77,53
b) fyrir mæla 1"—2"	— 155,05
c) fyrir mæla stærri en 2"	— 310,10

5. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 43,00.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðagjald
Allt að 300 m ³	8 771,00 kr.
300 — 2 000 m ³	8 771,00 — fyrir 300 m ³ + 9,56 kr/m ³ þar yfir.
2 000 — 6 000 m ³	25 014,00 — fyrir 2 000 m ³ + 7,84 kr/m ³ þar yfir.
6 000 — 10 000 m ³	56 389,00 — fyrir 6 000 m ³ + 6,99 kr/m ³ þar yfir.
Yfir 10 000 m ³	84 341,00 — fyrir 10 000 m ³ + 5,88 kr/m ³ þar yfir.

b) Af nýju húsnæði, breytingum og endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér stækkun eða breytla notkun og tengist hitaveitu áður en það er tekið í notkun